

Lögmannaþlaðið

ÚTGEFIÐ AF LÖGMANNAFÉLAGI ÍSLANDS

2. TBL. 26. ÁRG. 2020



ÁTÖK Á
AÐALFUNDI

8-12

VIÐTAL VIÐ ARNLIJÓT
ÁSTVALDSSON DOKTORSNEMA

24-26

SKATTAUNDANSKOT
SKEKUR DANMÖRKU

29-31



- | | | |
|---|--|---|
| <p>4 BERGLIND SVAVARSDÓTTIR
Réttarríki á tímum COVID-19</p> <p>6 SKÝRSLA VINNUHÓPS UM
LÖGMENN OG #METOO:
Kynbundin og kynferðisleg áreitni
ásamt einelti viðgengt í stétt
lögmannna</p> <p>8 EYRÚN INGADÓTTIR
Átök á aðalfundi</p> <p>13 INGIMAR INGASON
Námskeið til öflunar réttinda til
málflutnings fyrir héraðsdómstólum</p> | <p>14 EYRÚN INGADÓTTIR
Konur nær helmingur nýliða
sl. tíu ár</p> <p>16 RAGNAR HALLDÓR HALL
Um endurupptöku dæmdra
sakamála</p> <p>20 EYRÚN INGADÓTTIR
Lögmenntöskan á tímum
kórónunnar</p> | <p>24 VIÐTAL VIÐ
ARNLJÓT ÁSTVALDSSON:
Spennandi að tengja praktík
og fræðimennsku</p> <p>28 VÍÐIR SMÁRI PETERSEN
Ekki er þörf á að mótmæla nýjum
málsástæðum</p> <p>29 GUÐRÚN OLSEN
Skattaundanskot skekur
Danmörku</p> |
|---|--|---|

Lögmannafélag Íslands
Álftamýri 9, 108 Reykjavík
Netfang: lmfi@lmfi.is
Heimasíða: www.lmfi.is

Ritstjóri og ábyrgðarmaður
Daníel Isebarn Ágústsson lögmaður
netfang: daniel@magna.is

Ritnefnd
Ari Karlsson lögmaður
Arna Pálsdóttir lögmaður
Ágúst Karl Karlsson lögmaður
Guðrún Olsen lögmaður
Katrín Smári Ólafsdóttir lögmaður

Blaðamaður
Eyrún Ingadóttir

Stjórn LMFÍ
Berglind Svavarsdóttir lögmaður, formaður
Sigurður Örn Hilmarsson lögmaður, varaformaður
Viðar Lúðvíksson lögmaður, gjaldkeri
Kristín Edwald lögmaður, ritari
Birna Hlín Káradóttir lögmaður, meðstjórnandi


Varastjórn LMFÍ
Eva Halldórsdóttir lögmaður
Eva Bryndís Helgadóttir lögmaður
Tómas Eiríksson lögmaður

Starfsmenn LMFÍ
Ingimar Ingason framkvæmdastjóri
Eyrún Ingadóttir skrifstofustjóri
Anna Lilja Hallgrímsdóttir lögfræðingur
Dóra Berglind Torfadóttir bókarari og ritari

Forsíðumynd
Ljósmyndari: Ingimar Ingason

PRENTVINNSLA
Litlaprent ehf

UMSJÓN AUGLÝSINGA
Öflun ehf.
Sími: 530 0800
ISSN 1670-2689



Geymir þú viðkvæmar upplýsingar á USB lykli?



Fæstir vita að auðvelt er að endurskapa gögn á USB lykllum. Eyðing með „delete“ er ekki örugg eyðing. Gagnaeyðing ábyrgist eyðingu gagna á USB lykllum, örgjörvum og öðrum smáum gagnamiðlum með „örtætingu“. Móttaka, flutningur, vinnsla og förgun fylgja öruggu og vottuðu ferli.

Örugg eyðing gagna



GAGNAEYÐING

RÉTTARRÍKI Á TÍMUM COVID-19

BERGLIND SVAVARSDÓTTIR LÖGMAÐUR
FORMAÐUR



Öll viljum við búa í réttarríki. Í réttarríkishugtakinu, í sínum víðasta skilningi, felst að samfélög skuli lúta sameiginlegum og almennum lögum sem skuli gilda jafnt um valdhafana sem aðra og séu ekki byggð á geðþóttavaldi. Lögin verða að vera framkvæmanleg, skiljanleg, aðgengileg, framvirk og almenn. Þá verður að tryggja aðgengi borgaranna að réttlátri málsmeðferð fyrir sjálfstæðum og óvilhöllum dómstólum.

Öryggi almennings verður einvörðungu tryggt í lýðræðisríkjum þar sem reglur réttarríkisins eru í heiðri hafðar. Þær reglur verður að virða sama hve alvarlegt ástand kann að ríkja. Neyðarástand réttlætir þannig ekki að farið sé út fyrir mörk réttarríkisins.

Vegna Covid-19 faraldursins hafa ríki um allan heim gripið til ýmissa neyðarúrræða til að hægja á útbreiðslu veirunnar og tryggja öryggi almennings. Í því skyni hafa stjórnvöld tekið ýmsar ákvarðanir er eiga sér ekki hliðstæðu, allt frá hertu lögregluvaldi til smitrakningar-appa. Þau neyðarúrræði eru sögð sett til verndar borgurunum en jafnvel þótt almennt sé viðurkennt að á viðsjárverðum tímum gangi heildarhagsmunir frammar einstaklingshagsmunum þá verður að stíga varlega til jarðar.

Þær aðgerðir sem stjórnvöld grípa til þurfa eftir sem áður að rúmast innan ramma laganna og það verður að gera þá kröfu að þær séu gagnsæjar og tímabundnar, auk þess að uppfylla almennar kröfur um nauðsyn og meðalhóf. Til að mynda getur söfnun gagna um staðsetningu borgaranna ekki verið notuð í öðrum tilgangi en þeim að ganga úr skugga um að viðkomandi hafi ekki verið í samskiptum við smitaðan einstakling og á tilteknu, afmörkuðu tímabili. Að því búnu ber að eyða þeim gögnum.

Staðreyndin er sú að á tímum Covid-19 eiga lýðræði, mannréttindi og réttarríkið undir högg að sækja og veruleg hættu er á að mannréttindi verði fótum troðin í skjóli Covid eins og hefur því miður gerst á ýmsum stöðum í heiminum. Ofsóknir, mismunun, handtökur og fangelsanir eru sagðar hafa færst í vöxt. Sömuleiðis ritskoðanir, fjölmiðlabann og lokun samfélagsmiðla. Í Ungverjalandi voru sett á neyðarlög sem gefa forsætisráðherranum Viktor Orbán nær ótakmörkuð völd um ótakmarkaðan tíma og þróun mála þar í landi gengur tvímælalaust gegn grundvallargildum réttarríkisins.

Aðgengi að dómstólum hefur verið skert víða um heim og fjölda mála hefur verið aflýst eða þeim frestað. Samtök lögmannafélaga í Evrópu, CCBE, sendu nýverið frá sér yfirlýsingu um nauðsyn þess að koma starfsemi dómstóla innan Evrópu aftur af stað en með takmörkun á rétti einstaklinga og fyrirtækja til aðgengis að dómstólum væri gengið á grundvallarrétt borgaranna til réttlátrar og opinberrar málsmeðferðar innan hæfilegs tíma.

Vissulega verður að beita neyðarúrræðum gegn faraldrinum en þær aðgerðir verða að vera hóflegar, þeim verður að vera markaður ákveðinn tímarammi og þær verða að vera teknar á lýðræðislegan hátt. Stjórnvöld eiga hvorki né mega nýta faraldurinn til að auka eigið vald. Covid-19 faraldurinn er alheimsheilsufarsvandamál sem krefst samvinnu bæði innanlands sem á milli landa en hann á ekki að vera yfirvarp til að seilast til valda á kostnað borgaralegra réttinda. Lýðræði, mannréttindi og réttarríkið eru ekki andstæða við vernd og öryggi almennings, heldur til tryggingar. Covid-19 réttlætir ekki inngrip í hvað sem er.

VELKOMIN Í LAGAEILD HÁSKÓLA ÍSLANDS

UMSÓKNARFRESTUR
Í GRUNNNÁM ER TIL
15. JÚNÍ 2020



Kynntu þér spennandi nám við Lagadeild Háskóla Íslands

Lagadeild Háskóla Íslands hefur verið starfrækt frá stofnun skólans árið 1911. Í Lagadeild er spennandi og skemmtilegt umhverfi fyrir nemendur og kennara. Kennsluhættir eru fjölbreyttir og nútímalegir og taka mið af því besta sem gerist.

Nánari upplýsingar á www.hi.is/lagadeild



HÁSKÓLI ÍSLANDS
LAGAEILD

KYNBUNDIN OG KYNFERÐISLEG ÁREITNI ÁSAMT EINELTI VIÐGENGST Í STÉTT LÖGMANNA

Út er komin skýrsla vinnuhóps Lögmannafélags Íslands varðandi lögmenn og #metoo. Vinnuhópurinn var skipaður í nóvember 2018 til að skoða og greina álitafni tengd #metoo frá sjónarhóli lögmannastéttarinnar og gera tillögur um breytingar á lögmannaölögum og siðareglum ef þess væri þörf. Þá var hópnum falið að skoða gerð tillagna um leiðbeiningar til vinnuveitenda um hvernig bregðast skuli við brotum og úrræði sem stæðu þolendum til boða.

Niðurstöður könnunar

Vinnuhópurinn lagði könnun fyrir félagsmenn haustið 2019. Þrátt fyrir að svarhlutfall hafi einungis verið 17%, eða 184 félagsmenn, var hún engu að síður metin marktæk þar sem svarhlutfall kynja var nokkuð jafnt og aldursdreifing var góð. Svarendur voru því ágætur þverskurður af félagsmönnum Lögmannafélagsins.

Starfsánægja mældist góð, það virðist ríkja heilbrigð samkeppni á vinnustöðum og gott kynjajafnræði. Um 30% svarenda sögðu að vinnustaður þeirra hefði sérstaka stefnu til að koma í veg fyrir einelti eða áreitni á vinnustaðnum en um 60% sögðust eindregið vilja að vinnustaður þeirra hefði slíka stefnu. Þá sagðist helmingur þátttakenda vera fylgjandi því að vinnustaður þeirra hefði sérstakan tengilið sem hægt væri að leita til ef viðkomandi yrði fyrir eða yrði vitni að einelti eða áreitni.

Um fjórðungur svarenda hafði í starfi sínu heyrt óviðeigandi brandara með kynferðislegum undirtón eða ummæli um útlit, vaxtarlag, klæðaburð eða einkalíf sitt. Tæplega 15% töldu sig hafa upplifað óþarflega mikla nálægð, faðmlög, kossa eða aðra snertingu sem hann eða hún vildu ekki. Um 6% höfðu fengið sendar eða verið sýndar myndir eða efni af kynferðislegum toga sem viðkomandi fannst móðgandi eða niðurlægjandi. Um 30% svarenda töldu sig hafa orðið fyrir eða orðið vitni að annars konar hegðun sem þeim fannst móðgandi, niðurlægjandi eða ógnandi. Samtals 29% þátttakenda höfðu upplifað eða orðið vitni að kynbundnu áreitni í starfi. Alls höfðu 22% svarenda orðið

fyrir kynferðislegri áreitni í lögmannsstarfi sínu, bæði karlar og konur, og 26% orðið fyrir einelti.

Alvarlegt umhugsunarefni fyrir lögmannastéttina

Vinnuhópurinn telur að niðurstöður könnunarinnar séu alvarlegt umhugsunarefni fyrir lögmannsstéttina og að það sé með öllu óásættanlegt að tæplega þriðjungur lögmanna hafi orðið fyrir eða orðið vitni að kynbundnu áreitni á vinnustað sínum og að tæplega fjórðungur hafi orðið fyrir eða orðið vitni að kynferðislegri áreitni. Þá sé það einnig óásættanlegt að ríflega fjórðungur lögmanna hafi orðið fyrir eða orðið vitni að einelti. Vert er að hafa í huga að háttsemi sem þessi getur í sumum tilvikum verið refsiverð en er í öllum tilvikum siðferðislega ámælisverð og ekki til framdráttar stétt sem annars hefur það að atvinnu sinni að efla rétt og hrinda órétti. Vinnuhópurinn beinir þeim tilmælum til stjórnar Lögmannafélagsins að útbúa leiðbeiningar til lögmanna og lagði fram drög að slíkum leiðbeiningum. Þá lagði hann einnig til að félagið gerði samning við sjálfstætt starfandi fagaðila sem að lögmenn gætu leitað til og héldi námskeið fyrir félagsmenn.

Ekki talin þörf á breytingu laga eða siðareglna

Skýrsla vinnuhópsins er nú aðgengileg á heimasíðu LMFÍ¹ en þrátt fyrir niðurstöður könnunarinnar telur hópurinn að ekki þurfi að gera breytingar á lögum um lögmenn eða á siðareglum lögmanna. Sú afstaða helgast fyrst og fremst af því að lög og reglur sem gilda um efnið taka til vinnustaða lögmanna eins og annarra starfsstétta.

Í vinnuhópnum áttu sæti Elín Smáradóttir lögmaður hjá Orkuveitu Reykjavíkur, Friðrik Ársælsson lögmaður hjá Arion banka, Ingvi Snær Einarsson lögmaður á Lögfræðistofu Reykjavíkur, Kolbrún Garðarsdóttir lögmaður á Völvu lögmönnum og Þyrí Steingrímsdóttir lögmaður á Lögfræðistofu Reykjavíkur.

EI

¹ Sjá skýrslu hér: <https://lmfi.is/lmfi/frettir/2020/05/skyrsla-um-logmenn-og-metoo>



1 SYSTEMS OneRecords Mála- og skjalakerfi

ÖFLUGT mála- og skjalakerfi sem hentar vel fyrir LÖGMANNSTOFUR

- » Heldur öfluga málaskrá - gott yfirlit.
- » Málaskrá, 'Mín mál' og tímamörk mála.
- » Mitt One: Síðustu skjöl sem ég hef lesið, breytt eða skráð.
- » 10 síðustu vistunarstaðir (mál) þar sem ég hef vistað skjöl.
- » Öflug leitarvél. - Leitar í innihaldi skjala, og viðhengjum.
- » Vista Outlook tölvupósta inn á mál.
- » Öflug samhæfing við Microsoft Office, Word, Excel og Outlook.
- » Hægt að flytja inn mörg skjöl í einni aðgerð inn á mál.
- » Hægt að flytja öll skjöl úr einni möppu inn á mál með einni aðgerð.



Meðal viðskiptamanna:

Logos lögmenn, Patice lögmenn,
Draupnir lögmenn, Jónatansson
lögmenn



1 SYSTEMS OneDrag'nDrop Draga og sleppa

Draga tölvupóst yfir í
málakerfið á rétt mál með
einni aðgerð.
Draga skjöl á sameiginlega
drifinu yfir í málakerfið
með einni aðgerð.



OneHýsing: ISO vottað umhverfi.
Dagleg afritunartaka gagna.



Hægt að fá iPad lesaðgang.
(spjaldröglulesaðgangur að kerfinu)

One býður hagkvæmar lausnir með áherslu á rekjanleika, auðveldan aðgang og gagnsæi.

ÁTÖK Á AÐALFUNDI

Skömmu fyrir aðalfund LMFÍ, sem haldinn var um miðjan maí síðastliðinn, féll dómur Hæstaréttar í máli nr. 30/2019 (Lögmannafélag Íslands gegn Jóni Steinari Gunnlaugssyni). Málið fjallaði um áminningu sem úrskurðarnefnd LMFÍ veitti félagsmanni en sá höfðaði í kjölfarið mál til ógildingar ákvörðuninni. Héraðsdómur Reykjavíkur hafnaði því að ógilda ákvörðunina og sýknaði Lögmannafélagið. Niðurstaða málsins í Landsrétti var aftur á móti sú að félagið hefði ekki haft lagaheimild til þess að bera fram kvörtun fyrir úrskurðarnefnd og var úrskurður nefndarinnar því felldur úr gildi. Í Hæstarétti komst meirihluti að sömu niðurstöðu og Landsréttur en í sératkvæði tveggja dómara var talið að staðfesta ætti dóm héraðsdóms. Líflugar umræður spunnust um málið á aðalfundinum þar sem félagsmenn tókust á. Þá var upplýst að heildarkostnaður félagsins af málferlunum hafi verið 10.763.000 krónur. Hér verður stiklað á stóru úr umræðunni.

Af kostnaði og hjarðhegðun

Jón Magnússon tók fyrstur til máls og taldi sérstakt að málið skyldi fara í þennan farveg þar sem um lítilfjörlega ástæðu hefði verið að ræða gagnvart fyrrverandi formanni félagsins. Hann sagði að ef gagnaðilinn hefði haft svipaðan kostnað af málinu og Lögmannafélag Íslands þá þýddi það að sá málskostnaður sem að hann fékk tildæmdan, upp á 2.213.000 krónur, hefði hvergi dugað til að hann ræki málið skaðlaust. Hann velti fyrir sér hvort það væri afsakanlegt að leggja þannig á sjó með mál gagnvart félagsmanni og baka honum slík meiriháttar útgjöld, í máli sem að aldrei hafði átt að fara af stað með.

Jón Steinar Gunnlaugsson sagði að það væri með þungum huga að hann tæki til máls á þessum aðalfundi. Hann hefði verið félagi í Lögmannafélaginu um áratuga skeið, verið formaður þess um tíma og það hefði átt þá hug hans og hjarta. Hann spurði hvað hefði orðið um önnur mál sem úrskurðarnefnd hefði tekið fyrir í kjölfar þess að stjórn hefði kært og hvort að fella ætti þau niður í kjölfar Hæstaréttardómsins.



Jón Magnússon

Jón Steinar lýsti yfir áhyggjum sínum af Lögmannafélaginu, sem að hefði í seinni tíð þróast í þá átt að vilja verða eins konar hugsanalögregla yfir lögmonnum. Það ætti að vera öllum lögfræðingum ljóst að það lagaumhverfi sem gildi um Lögmannafélagið takmarki heimildir þess gagnvart félagsmönnum. Hann sagði það auk þess skoðun sína að hjarðhegðun hefði lengi hefði verið annmarki á starfi íslenskra fjölskipaðra dómstóla: „Það eru alltaf allir sammála! Hvernig getur það verið?“ spurði hann.

Jón Steinar sagði það blasa við að þegar fyrrverandi formaður félagsins hefði fengið afhenta einkapósta milli hans og umrædds dómara þá hefði öll stjórnin samþykkt samhljóða að bera þá undir úrskurðarnefndina, jafnvel þótt engin heimild væri í lögum fyrir úrskurðarnefnd að taka fyrir svona erindi. „Málið var borið undir úrskurðarnefnd og þar sátu einhverjir þrír lögspekingar og þeir urðu allir sammála um að taka málið fyrir og áminna mig fyrir þetta þó að því væri auðvitað teflt þar fram að það væri engin heimild til þess,“ sagði Jón og kvaðst hafa þótt skelfilegt að fylgjast með þessari hjarðhegðun innan Lögmannafélagsins.

„Í guðs bænnum hættið að leiða Lögmannafélagið inn á það að verða þessi hugsanalögregla. Formaðurinn sagði það áðan að það væri mikið barist fyrir því að fá breytt lögum [um heimildir félagsins]. Þær breytingar ganga út á það að herða stjórnstök félagsins á félagsmönnum. Hvaða þörf er á því? Við erum búin að reka þetta félag áratugum saman án þess að það hafi verið til þess önnur heimild en heimild til þess að vísa því til sýslumanns að svipta menn málflytningarétti þegar sérstaklega stendur á.“

Jón Steinar sagði að tveir af þeim þremur sem veittu áfrýjunarleyfið í Hæstarétti hefðu síðan verið settir í fimm manna dóm til þess að dæma málið að efni til. Þeir hefðu synjað því að víkja sæti þótt þess væri krafist á þeim grundvelli að þeir hafi verið búnir að taka afstöðu til sakarefnisins. Þessir tveir væru honum vel kunnir sem



Jón Steinar Gunnlaugsson

sérstakir óvildarmenn hans. Fyrirfram hefði hann ekki búið við því að fá hlutlausu málsmeðferð hjá dómurum við meðferð á málinu en sem betur fer hefði dómstóllinn komist að þeirri niðurstöðu sem hlaut að vera eðlileg væru menn á annað borð að dæma eftir lögfræðilegum sjónarmiðum en ekki persónulegri afstöðu til málsaðila.

LOGOS

Reykjavík · London



Mörkin lögmannsstofa hf.
Suðurlandsbraut 4, 3. hæð, 108 Reykjavík
Sími 414 4100 · Fax 414 4101 · www.law.is



Berglind Svavarsdóttir



Reimar Pétursson

Ekki æskilegt að vera í málaferlum við félagsmenn

Berglind Svavarsdóttir formaður Lögmannafélagsins tók undir með Jóni Magnússyni að ekki væri æskilegt að félagasamtök væru í málaferlum við félagsmenn sína. Í þessu máli þá hefði það þó verið lögmaðurinn sjálfur sem hefði höfðað mál til ógildingar á úrskurði úrskurðarnefndar lögmannna. Héraðsdómur hafi sýknað Lögmannafélagið með dómi í maí 2018 en lögmaðurinn hafi áfrýjað dóminum til Landsréttar og þar hafi Lögmannafélagið tekið til varna. Landsréttur hefði snúið dómi héraðsdóms við og talið að Lögmannafélagið gæti ekki átt neina aðild að kvörtunum til úrskurðarnefndar. Stjórn félagsins hefði svo beðið um og fengið áfrýjunarleyfi til Hæstaréttar: „Það var mat stjórnar félagsins að það væri nauðsynlegt að fá endanlega niðurstöðu í það hvort Lögmannafélagið hafi á grundvelli 1. mgr. 27. gr. laga um lögmennt heimild til þess að skjóta málum til úrskurðarnefndarinnar“ sagði Berglind.

Berglind svaraði spurningu Jóns Steinars á þá leið að stjórn félagsins hefði beint nokkrum málum til úrskurðarnefndar en í dómi Hæstaréttar hefði verið sérstaklega tiltekið að ekki væri útilokað að félagið kynni að hafa lögvarða hagsmuni af því að skjóta málum til hennar.

Af taumhaldi og lærdómi máls

Reimar Pétursson tók næstur til máls en hann var formaður stjórnar Lögmannafélagsins sem tók ákvörðun um að beina málinu til úrskurðarnefndar á sínum tíma. Reimar sagði að í siðareglum lögmannna, sem væru samþykktar af félagsmönnum, væri mælt fyrir um að lögmennt ættu að sýna dómstólum virðingu í ræðu og riti. Þetta væri regla sem hefði umtalsverða þýðingu og ætti skírskotun í hefðbundnum kenningum um hlutverk lögmannna sem þjóna réttarins: „Ef það myndi nú tíðkast almennt að lögmennt kæmu fyrir dómstóla og færu þar með báli og brandi, væru þar með dónaskap og stæla í garð dómara, þá held ég að það sé ljóst að það myndi nú fljótlega breytast það viðhorf sem okkur myndi mæta þegar við kæmum inn í dómsalinn,“ sagði hann.

Reimar sagði að í samþykktum Lögmannafélagsins kæmi fram að það væri hlutverk stjórnar að hafa eftirlit með því að siðareglum væri fylgt. Í lögum um lögmennt segði enn fremur að Lögmannafélagið setji sér samþykktir og þar kæmi einnig fram að félagið kæmi fram fyrir hönd lögmannna gagnvart dómstólum.

Tilfni þess að Lögmannafélagið hafi beint málinu til úrskurðarnefndar hefðu verið skeytasendingar lögmannsins til dómstjórans í Reykjavík sem svo aftur hefði sent erindi til félagsins. Reimar las upp tölvupóstana frá lögmanninum og sagði það hafa verið álit allra stjórnarmanna að þessi framkoma væri óásættanleg. Kvörtun hafi verið beint til úrskurðarnefndarinnar í kjölfarið „... og ég tek það reyndar fram að menn veltu því að sjálfsögðu fyrir sér hvort að það væri heimilt að senda kvörtun til úrskurðarnefndarinnar á þessum grundvelli. En niðurstaðan var einfaldlega sú að framgangnan hefði verið það óboðleg að jafnvel þótt að það væri einhver vafi um heimildina þá gæti það bara ekki spurst út um Lögmannafélagið að það léti svona hegðun viðgangast,“ sagði Reimar.

Varðandi kostnað af málinu sagði Reimar: „Hefði nú ekki verið bara betra að halda aðeins aftur af sér? Halda aðeins í taumana? Láta ekki bara allt flæða út óhindrað og óritskoðað úr eigin munni? Ef að það hefði bara verið gætt að þessu strax í upphafi þá hefði ekki orðið neitt mál.“

Reimar sagði að af hálfu stjórnar félagsins hefði í sjálfu sér ekki verið gerð krafa um áminningu frá úrskurðarnefnd heldur einungis gerð krafa um að beitt yrði viðunandi

úrræðum: „Niðurstaðan er sú að þetta var talin það alvarleg háttsemi að það væri nauðsynlegt að áminna vegna þessa. Síðan fer málið fyrir héraðsdóm sem að dæmir félaginu í vil, svo kemur þessi landsréttardómur sem að er með þessum forsendum sem að Berglind lýsti og svo fór málið upp í Hæstarétt, fór 3-2 þar. Þetta er orðin niðurstaðan og hvað gerist þá? Eftir að það er kveðinn upp dómur í Hæstarétti þá sannar lögmaðurinn það að hann er ekkert búinn að læra af málinu. Með því að lýsa því yfir strax í fjölmiðlum að dómarnir tveir sem að voru í minnihluta að þeir hafi verið í einhverri persónulegri óvild gegn honum. Hvað leyfir mönnum svona ályktanir? Eru þeir ekki bara að dæma málið? Eru þeir ekki bara að taka til greina málflutning gagnaðilans? Síðan kemur þessi sami lögmaður upp á fundinum, viðhefur alls konar gagnrýni hér á þá sem að þurftu að koma að þessu máli á sínum tíma og gefur það einhvern veginn til kynna að það sé einhvern veginn rosalega mikilvægt að menn liggi ekki á skoðunum sínum. En svo þegar einhver segir eitthvað sem að er andstætt hans eigin skoðunum, eins og til dæmis dómarnir tveir sem að voru í minnihluta í Hæstarétti, þá er það alltaf afgreitt eins og það séu persónulegir óvildarmenn. Ég segi nú bara: Ef að menn eru eitthvað að sjá eftir því að þetta mál hafi orðið til þá skyldu þeir skoða rötina í málinu sem að mínu



juris

Borgartúni 26
105 Reykjavík
Sími 580 4400
www.juris.is

Juris er leiðandi lögmannsstofa sem leggur áherslu á þjónustu á sviði viðskipta og fjármála. Stofan nýtur viðurkenningar fyrir þekkingu og reynslu lögmannna sinna sem kappkosta að veita snögga og hagnýta þjónustu með hliðsjón af viðskiptalegum hagsmunum viðskiptavinarins. Á skrifstofu Juris starfa íslenskir og enskir lögmennt, með lögmannsréttindi í báðum löndum, og þannig getur stofan veitt skilvirka og hagkvæma þjónustu til aðila sem hafa starfsemi í báðum ríkjum.

Andri Árnason, lögmaður
Andri Andrason, lögmaður, LL.M.
Bjarni Aðalgeirsson, lögmaður
Dr. Finnur Magnússon, lögmaður, LL.M.
Edda Andradóttir, lögmaður, LL.M.
Halldór Jónsson, lögmaður
Lárus L. Blöndal, lögmaður
Sigurbjörn Magnússon, lögmaður
Simon David Knight, lögmaður
Stefán A. Svensson, lögmaður, LL.M.
Vífill Harðarson, lögmaður, LL.M.

Hildur Þórarinsdóttir, lögmaður
Hólmfríður Björk Sigurðardóttir, lögmaður
Jenny Harðardóttir, lögmaður
Katherine Nichols, sérfræðingur
Sigrún Magnúsdóttir, lögfræðingur
Sigurður Helgason, lögmaður

LEGAL 500 **CHAMBERS AND PARTNERS** **IFLR 1000**

viti byggist fyrst og fremst bara á slöku taumhaldi. Svo ættu þeir nú að reyna að læra eitthvað á þessu og gæta kannski örlítið hófs núna. Ég vona það að niðurstaðan af þessu geti verið lærdómur. Ég held að fyrir Lögmannafélagið sé heilmikill lærdómur í þessu máli.“

Hressilegar umræður

Jón Steinar Gunnlaugsson tók aftur til máls og sagði að það væri verið að gefa það í skyn að hann hefði átt upptökin í málinu. Upphafið hafi verið kæra stjórnar til úrskurðarnefndar og þegar hann hafi verið áminntur hefðu málaferlin verið liður í því að ómerkja ólögmaeta gjörð: „Svo er það nú frekar þungbært að hlusta hér á fyrirverandi formanninn, kannski aðalþrjótinn í málinu, flytja málið aftur sem að var flutt í Hæstarétti,“ sagði hann og fór yfir upphaf samskipta sinna við dómstjórnann í Reykjavík.

Jón Magnússon tók því næst aftur til máls og benti á að verið væri að leggja til að hækka félagsgjöld vegna tapresturs síðustu fjögurra ára, en það væri um það bil sama upphæð og herkostnaðurinn af þessu dómsmáli.

Hjörtur Torfason sagðist hafa komið á fundinn til að fræðast um það hvort einhverjar hressilegar umræður væru í gangi og var alsæll með að vera kominn á þennan vettvang. Hann bað fundarmenn um að tala sem lengst. Hjörtur benti síðan á að Hæstiréttur hefði klofnað í málinu: „Ég fór nú og las þennan dóm og niðurstaða mín um hæstaréttardóminn er það sem minnihlutinn sagði, að það ætti að staðfesta héraðsdóm að öllu leyti,“ sagði hann. Hjörtur vitnaði að því búnu í fyrirverandi utanríkisráðherra sem sagði eitt sinn um dóm að minnihlutinn hefði oft rétt fyrir sér þótt að meirihlutinn fengi að ráða.

Sævar Þór Jónsson var síðastur á mælendaskrá og sagði Lögmannafélagið hafa gert það sem þurfti til að eyða ákveðinni réttaróvissu í mikilvægu máli. „Ég tel það ekki heldur sæmandi að stilla þessu þannig upp að þetta sé einhver persónuleg óvild gagnvart mönnum. Það er nú svo hjá okkur í Lögmannafélaginu og þeir sem eru félagsmenn Lögmannafélagsins, við þurfum að hlíta eftirliti og sitja undir því að fylgst sé með okkar störfum. Það hefur ekkert með okkar persónulegu skoðanir að gera,“ sagði hann.

Lauk þar með fjörugum umræðum um þetta mál á aðalfundi Lögmannafélagsins árið 2020.

EI



Hjörtur Torfason



Sævar Þór Jónsson


NÁMSKEIÐ TIL ÖFLUNAR RÉTTINDA TIL MÁLFLUTNINGS FYRIR HÉRAÐSDÓMSTÓLUM

Föstudaginn 5. júní sl. fór fram útskrift af vörnámsskeiði til öflunar málflutningsréttinda fyrir héraðsdómstólum. Töluverðar tafir urðu á síðari hluta námskeiðsins vegna áhrifa Covid-19 veirunnar.

Alls þreyttu 46 þátttakendur fyrri hluta prófraunarinnar að þessu sinni, 26 nýskráðir og 20 þátttakendur af fyrri námskeiðum sem tóku einstök próf. Alls luku 22 þátttakendur námskeiðinu með fullnægjandi árangri eða 50%, þar af 7 þeirra sem nýskráðir voru eða 27% og 15 af þeim sem þreyttu einstök próf eða sem svarar 75%.

Kynjahlutfall þeirra sem luku réttindanámskeiðinu að þessu sinni var jafnt, 11 konur og 11 karlar. Hlutfall þeirra sem aflað hafa sér málflutningsréttinda fyrir héraðsdómstólum frá því núgildandi kerfi var tekið upp árið 2000 er því óbreytt frá síðasta námskeiði, en alls hafa 607 karlar lokið réttindanámskeiðinu á þessum tíma eða 53,8% á móti 526 konum, sem svarar til 46,2%.

I.I.




Grafið sýnir kynjahlutfall útskrifaðrar þátttakenda á námskeiði til öflunar málflutningsréttinda á ára-bilinu 2000 – 2020.


KONUR NÆR HELMINGUR NÝLIÐA SL. TÍU ÁR

Árlega birtast upplýsingar í ársskýrslu félagsins um fjölda félagsmanna, aldur, kyn og hvernig þeir skiptast í sjálfstætt starfandi lögmenn, lögmenn í fyrirtækjum og félagasamtökum, hjá ríki og sveitarfélögum og fulltrúa. Í þessari grein skoðum við þróun fjölda og fleira milli áratuga og spáum í framtíðina.



Fjöldi félagsmanna 2000, 2010 og 2020



Á 20 árum hefur konum í Lögmannafélaginu fjölgað úr 80 í 324. Þær eru nú orðnar 30,8% félagsmanna en voru 25,2% árið 2010 og 15,1% árið 2000. Á sama tíma hefur körlum í félaginu fjölgað úr 449 í 728. Þeir eru 69,2% félagsmanna en voru 84,9% árið 2000.



Konur eru hlutfallslega mun yngri en karlar í Lögmannafélaginu.



Á meðfylgjandi myndum eru upplýsingar um aldur karla og kvenna í LMFÍ eftir því hvar þau starfa. Þess má geta að einungis 20 félagsmenn, tíu karlar og tíu konur, eru 29 ára og yngri en þar af eru 17 þeirra fulltrúar lögmanna. 80 ára og eldri eru fjórir karlar ennþá sjálfstætt starfandi og einn er fulltrúi lögmanna.

Konur nær helmingur nýliða

Á síðastliðnum tíu árum hefur félagsmönnum Lögmannafélagsins fjölgað um 27%, eða úr 826 félagsmönnum árið 2010 í 1.052 félagsmenn árið 2020.

Árið 2010 voru konur í hópi félagsmanna 217 talsins, eða 25,2%, en árið 2020 voru þær 324, eða 30,8% félagsmanna. Á síðustu tíu árum hefur konum í félaginu því fjölgað um 108 og körlum um 118 sem þýðir að þær eru nær helmingur nýliða, eða 48%.

Ef við gefum okkur þær forsendur að fjöldi félagsmanna verði áfram svipaður og nú er (þeim hefur ekki fjölgað svo að neinu nemi frá árinu 2014), konur verði áfram helmingur nýliða og að allir sem í dag eru 50 ára eða eldri verði hættir störfum árið 2040, má reikna með að það ár verði karlar 57,4% félagsmanna og konur 42,6%. Völva félagsins spáir því blákalt að hlutfall kvenna og karla verði ekki jafnt meðal félagsmanna fyrr en á seinni hluta 21. aldar.

Aldursdreifing

Þegar aldersdreifing félagsmanna Lögmannafélagsins er skoðuð kemur í ljós að konur eru hlutfallslega mun fleiri í yngri aldursflokkum en karlar. Hlutfall kvenna sem eru

undir 50 ára er 73,5% á móti 55,6% hjá körlum. Þess má geta að konur undir 50 ára eru 238 talsins og karlar eru alls 403.

Hlutfall kvenna sem eru undir 40 ára er 41% á móti 28,5% hjá körlum. Konur undir 40 ára eru 133 talsins og karlar eru alls 202.

Aldur og störf

39,8% kvenna starfa hjá fyrirtækjum og stofnunum á móti 20,5% karla. Þegar skyggst er bak við tölurnar kemur í ljós að 126 konur og 149 karlar starfa sem innanhússlögmenn en ef fram heldur sem horfir munu konur verða mun fleiri í þessari starfsgrein. Þær virðast sækja meira í að gegna lögmannsstörfum hjá öðrum.

Hlutfallslega mun fleiri karlar eru aftur á móti sjálfstætt starfandi lögmenn, eða 61,1% á móti 36,1% kvenna. Þegar skyggst er bak við þær tölur kemur í ljós að 444 karlar og 117 konur eru sjálfstætt starfandi. Það er því ljóst að helsta karlavígi lögmennskunnar, að vera sjálfstætt starfandi lögmaður, verður seint fellt ef fram heldur sem hingað til.

EI

UM ENDUR- UPPTÖKU DÆMDRA SAKAMÁLA



RAGNAR HALLDÓR HALL LÖGMAÐUR SKRIFAR

Á SÍÐUSTU MISSERUM Hafa ákvæði Mannréttindasáttmála Evrópu (MSE) verið til sérstakrar skoðunar hér á landi af ýmsum tilefnum. Til stóð að fjalla um ýmis álitafni sem þeim tengjast á málstofu á lagadeginum í mars sl., sem ekkert gat orðið af. Hér stendur ekki til að elta ólar við allt sem á borð hefur verið borð í þessum efnum, en ég held að það geti verið gagnlegt að fara yfir nokkur atriði til að varpa ljósi þýðingu þessa sáttmála gagnvart öðrum réttarheimildum í lagakerfi okkar.

1. Með lögum nr. 62/1994 fengu ákvæði Mannréttindasáttmála Evrópu lagagildi hér á landi að meðtöldum þeim viðaukum sem við hann höfðu verið gerðir og taldir eru upp í 2. gr. laganna. Efnisreglur sáttmálans eru tilgreindar í fylgiskjali. Sáttmálinn og lögfestir viðaukar og breytingar á honum innihalda samkvæmt því lagareglur, rétt eins og aðrar settar lagareglur hér á landi. Meðal þessara lagareglna eru reglur um Mannréttindadómstól Evrópu, skipun dómara við hann, málsmeðferð fyrir dómnum og dómsúrlausnir. Eftir gildistöku laganna nr. 62/1994 hafa verið lögfestir viðaukar við sáttmálann, svo sem sjá má í lagasafni. Rétt er að taka fram að breytingar sem gerðar kunna að vera á sáttmálanum eða viðaukar við hann fá ekki lagagildi hér á landi fyrr en þeir hafa verið lögfestir sérstaklega.

2. Greinargerð sem fylgdi lagafrumvarpinu um lögfestingu MSE er afar ítarleg. Í inngangi hennar kemur fram að fimm manna nefnd hafi undirbúið frumvarpið, en formaður hennar var Ragnhildur Helgadóttir fyrrverandi ráðherra. Aðrir nefndarmenn voru Björn Bjarnason alþingismaður, Eiríkur Tómasson lagaprófessor, Markús Sigurbjörnsson lagaprófessor og Ragnar Aðalsteinsson hrl. Þar kemur fram nefndin hafi komist að niðurstöðu um að „... rétt væri að leggja til að mannréttindasáttmáli Evrópu yrði lögtekin hér á landi, en sú niðurstaða var einkum byggð á því að lögfesting sáttmálans yrði til að auka réttaröryggi.“

3. Í 1. gr. MSE skuldbinda aðildarríkin að mannréttindasáttmálanum sig til að tryggja þau réttindi sem þar er kveðið á um hverjum þeim sem dvelst innan yfirráðasvæðis þeirra. Um þetta segir í greinargerðinni:

„Til að efna skuldbindingar sínar, sem fylgja aðild að mannréttindasáttmálanum, verða ríkin, sem í hlut eiga, að haga löggjöf, stjórn- og dómsýslu sinni þannig að ofangreind réttindi séu virt.“

4. 2. grein laganna um MSE er svohljóðandi:

Úrlausnir mannréttindanefndar Evrópu, mannréttinda-dómstóls Evrópu og ráðherranefndar Evrópuráðsins eru ekki bindandi að íslenskum landsrétti.

Enn vitna ég til greinargerðarinnar:

„Dómur mannréttindadómstólsins hnekkir þannig ekki dómi eða annarri úrlausn sem hefur fengist um kærufnið í aðildarríki að mannréttindasáttmálanum, heldur stendur slík úrlausn óhöggud. Mannréttindadómstóllinn og aðrar stofnanir, sem fjalla um kærufni samkvæmt samningnum um verndun mannréttinda og mannfrelsis, eru því ekki í neinum skilningi áfrýjunarstig í máli og endurskoða ekki dómsúrlausn frá aðildarríki, heldur er aðeins leyst úr því á þessum vettvangi hvort aðildarríki hafi brotið þjóðréttarskuldbindingu sína um að tryggja viðkomandi mannréttindi og eftir atvikum hvort ríkið sé bótaskyldt af því tilefni.“

5. Samkvæmt þessu tel ég að staðhæfingar um að lögfesting sáttmálans hafi haft í för með sér einhvers konar framsal á dómsvaldi eigi ekki við rök að styðjast.

6. Hér er líka rétt að minna á, að MDE tekur mál ekki til meðferðar nema fyrir liggja að sá sem kvörtun sendir hafi tæmt öll réttarúrræði í viðkomandi ríki áður en kvörtun er send til dómstólsins.

7. Þótt MDE sé ekki áfrýjunardómstóll og að dómur dómstólsins séu ekki bindandi fyrir aðildarríki er það alls ekki svo að dómarnir hafi enga þýðingu og feli aðeins í sér álit einhverra manna í útlöndum eins og stundum er haldið fram. 13. gr. laganna hefur yfirskriftina Réttur til raunhæfs úrræðis til að leita réttar síns og hljóðar þannig: **Sérhver sá sem á er brotinn sá réttur eða það frelsi hans skert, sem lýst er í samningi þessum, skal eiga raunhæfa leið til að ná rétti sínum fyrir opinberu stjórnvaldi, og gildir einu þótt brotið hafi framið opinberir embættismenn.**

8. Skyld þessu er ákvæði 46. gr. laganna, með yfirsögninni *Bindandi áhrif dóma og fullnusta þeirra*, en 1. mgr. þeirrar greinar er svohljóðandi:

Samningsaðilar heita því að hlíta endanlegum dómi dómstólsins í hverju því máli sem þeir eru aðilar að.

9. Ef ég reyni að draga saman efni þessara reglna eins og þær horfa við manni sem sakfelldur hefur verið með endanlegum dómi dómstóls hér á landi verður útkoman þessi:

Að gengnum endanlegum dómi getur dómfelldi sent kvörtun til MDE, þar sem hann rökstyður að við meðferð eða úrlausn máls hans hafi verið brotið gegn tilteknum réttindum sem honum séu tryggð með efnisreglum MSE eins og þær hafi verið lögfestar hér á landi. Ef MDE fellst á einhverja af kröfum hans eða röksemdum og dæmir íslenska ríkið til að greiða einhverja fjárhæð í bætur eða málskostnað hefur íslenska ríkið skuldbundið sig til að hlíta því.

10. Gott og vel – þetta hefur ekki reynst vera vandamál. Íslenska ríkið hefur greitt þær bætur og þann málskostnað sem það hefur verið dæmt til að greiða í dómum MDE. En stóra spurningin er þá þessi: Þýðir það, að ríkið greiði það sem því ber samkvæmt slíku dómsorði, að með því sé fullnægt skilyrðinu um að sá sem varð fyrir brotinu hafi náð rétti sínum þannig að raunhæft geti talist í skilningi 13. greinar laganna? Sjálfsagt getur það verið túlkunaratriði í einstökum tilvikum, en í tilvikum þar sem brot gegn lögfestum reglum sáttmálans hafa leitt til sakfellingar að ófyrirsynju er augljóst að þetta skilyrði er ekki uppfyllt með því að greiða lítills háttar bætur og hluta málskostnaðar vegna málsins fyrir MDE.

11. Augljóst dæmi um þetta eru mál sem varða brot gegn banni við tvöfaldri málsmeðferð og tvöfaldri refsingu vegna sama atviks. Reglan er í 1. mgr. 4. gr. 7. viðauka samningsins, með yfirsögninni Réttur til að vera ekki saksóttur eða refsað tvívegis og er svohljóðandi:

Enginn skal sæta lögsókn né refsingu að nýju í sakamáli innan lögsögu sama ríkis fyrir brot sem hann hefur þegar verið sýknaður af eða sakfelldur um með lokadómi samkvæmt lögum og sakamálaréttarfari viðkomandi ríkis.

Latínufróðir menn – og reyndar ýmsir fleiri – kalla þessa reglu *Ne bis in Idem*-reglu, og ég freistast til að gera það líka hér.

12. Með dómi Hæstaréttar Íslands 7. febrúar 2013 í máli nr. 74/2012 voru sakborningar sakfelldir fyrir skattalagabrot. Annar þeirra hlaut 12 mánaða skilorðsbundið fangelsi og 62 mkr. í sekt að viðlagðri vararefsingu. Hinn hlaut 18 mánaða skilorðsbundið fangelsi og 32 mkr. í sekt að viðlagðri vararefsingu. Þeir sendu kvörtun til MDE og töldu að brotið hefði verið gegn *Ne bis in Idem*-reglunni í málsmeðferðinni.

Dómur MDE í máli þeirra var kveðinn upp 18. maí 2017. Þar var komist að niðurstöðu um að brotið hefði verið gegn Ne bis in Idem-reglunni. Hvorum um sig voru dæmdar 5.000 evrur í miskabætur, annar fékk 10.000 evrur og hinn 5.000 evrur í málskostnað.

13. Þegar þessi dómur gekk í Strasbourg var mikill fjöldi samkynja mála í biðstöðu, bæði á rannsóknarstigi hjá lögreglu, hjá ákærvaldi og hjá dómstólum. Næsta stig var að fá úrlausn Hæstaréttar um það, hvort þessi dómur MDE ætti að leiða til breytinga á dómaframkvæmd í samkynja málum. Svar fékkst við þeirri spurningu með dómi Hæstaréttar í máli nr. 283/2016. Dómurinn var skipaður 7 dómurum og er skemmst frá því að segja meirihlutinn, 6 dómáramur, komst að niðurstöðu um að röksemdir fyrir niðurstöðum MDE í umræddu máli ættu ekki alls kostar við í þessu máli og var sakborningurinn því sakfelldur. Einn dómari skilaði sératkvæði og taldi að Ne bis in Idem-reglan ætti að leiða til frávísunar málsins. - Til fróðleiks skal þess getið að dómfelldi í þessu máli sendi kvörtun til MDE vegna þessa og hefur hún verið tekin til efnismeðferðar þar.

14. Að gengnum þessum dómi tók ákærvaldið til hendinni og felldi niður fjölda mála sem voru í biðstöðu en setti önnur af stað aftur. Við meðferð eins slíks máls var óskað eftir upplýsingum frá ákærvaldinu um fjölda slíkra mála og um afdrif þeirra í kjölfar dóms Hæstaréttar í málinu nr. 283/2016. Upplýsingarnar voru fúslega veittar og eru afar merkilegar:

- Hve mörg mál voru í biðstöðu hjá embætti héraðs-saksóknara meðan beðið var dóms í hæstaréttarmálinu nr. 283/2016? Svar: [Af þeim 128 skattamálum sem voru til meðferðar hjá embættinu voru 97 mál sett í bið þar til H. 283/2016 féll.](#)
- Í hve mörgum þessara mála hafði verið gefin út ákæra og hve mörg voru á rannsóknarstigi hjá embættinu? Svar: [Um var að ræða 97 mál, 88 mál í rannsókn og 9 mál í bið í héraðsdómi.](#)
- Hve mörg málanna sem ákært hafði verið í hafa verið eða stendur til að fella niður af ákærvaldinu? Svar: [Fallið var frá ákæru í 5 málum.](#)
- Hve mörg málanna sem voru til rannsóknar hjá embættinu hafa verið felld niður? Svar: [Rannsókn hefur verið hætt í 68 málum. Skatransóknarstjóri hefur kært nokkrar af þessum ákvörðum til ríkissaksóknara. Ekki komin endanleg niðurstaða.](#)

Varðandi síðasta svarið skal það upplýst hér að embætti ríkissaksóknara staðfesti ákvarðanirnar.

15. Hér liggja fyrir skjalfestar upplýsingar um að á grundvelli dóms MDE og eftirfarandi dóms Hæstaréttar voru 77% mála á rannsóknarstigi felld niður og fallið frá ákæru í 5 málum af 9. En - ekkert var gert til að rétta hag þeirra sem rutt höfðu þessa braut. Þetta er gamalkunnugt stef: Fáir njóta eldanna sem fyrstir kveikja þá.

16. Og þá kem ég að því - hver ætli séu raunhæf úrræði sem ríkið getur tryggt þannig að menn geti náð rétti sínum í tilvikum sem þessum? Menn sitja uppi með sakfellingardóm á bakinu og á sakaskrá sinni, fyrir utan stórfelldar skattkröfur. Undirritaður kemur ekki auga á aðra leið til að rétta hag manna í þessari stöðu en að mál þeirra verði endurupptekin og mistökin leiðrétt.

17. Hinir dómfelldu í áðurnefndu máli freistuðu þess að fá mál sitt endurupptekið á grundvelli núgildandi reglna og sneru sér með slíkt erindi til endurupptökunefndar með dóm MDE í farteskinu. Nefndin féllst á erindið. Það dugði ekki til. Með dómi Hæstaréttar í máli nr. 12/2018 var ákvörðun nefndarinnar felld úr gildi og endurupptökumálinu vísað frá Hæstarétti. Eftirfarandi ummæli í forsendum þess dóms Hæstaréttar tel ég að verðskuldi nokkra umfjöllun. Þar segir:

Þá verður því tilviki sem hér er til úrlausnar hvorki jafnað til þess ef í ljós koma eftir uppkvaðningu dóms annmarkar á hæfi dómáramans sem með mál fór né tilvikinu í ákvörðun Hæstaréttar 13. júní 2012 um endurupptöku máls nr. 390/1997. Þar var endurupptaka heimilud sökum þess að verulegir ágallar höfðu verið á meðferð málsins þar sem meginreglna sakamálaréttarfars var ekki gætt heldur sakfelling manns reist á framburði vitna sem ekki höfðu gefið skýrslu fyrir réttinum andstætt fyrir mælum þágildandi laga nr. 19/1991 og ákvæðum 1. mgr. 70. gr. stjórnskrárinnar, sbr. og 1. mgr. 6. gr. mannréttindasáttmála Evrópu. (Undirstr. RHH).

18. Þarna er vitnað til dóms Hæstaréttar um endurupptöku dóms réttarins í svokölluðu Vegas-máli, en það mál var endurupptekið í kjölfar dóms MDE. Þar höfðu verulegir ágallar sem sé verið á meðferð málsins þar sem meginreglna sakamálaréttarfars var ekki gætt. Ég spyr mig þeirrar spurningar, hvort lagaregla sem segir að bannað sé að refsa manni fyrir eitthvað sé eitthvað minni meginregla heldur aðrar reglur sem dómstólum ber að fara eftir.

19. Þegar þetta er skrifað liggur fyrir að a. m. k. tvö önnur mál frá Íslandi hafa hlotið sams konar úrlausn MDE um brot gegn Ne bis in Idem-reglunni. Íslenska ríkið hefur samt neitað að endurgreiða sektir sem innheimtar höfðu verið á grundvelli þeirra dóma Hæstaréttar sem þar höfðu

verið til skoðunar. Rökkin eru sem fyrr þessi: Dómar MDE breyta ekki niðurstöðum Hæstaréttar.

20. Í umræðum um þessi mál að undanfögnu hefur þeirri röksemd verið hreyft að dómaframkvæmd MDE hafi þróast á þá leið að efni MSE hafi verið víkkað með rýmkandi lögskýringum þannig að efni reglnanna sé nú orðið eitthvað allt annað en það var þegar sáttmálinn var lögfestur. Um það atriði lét ég nægja hér að vitna til margnefndrar greinargerðar með lögfestingarfrumvarpinu, en þar segir m.a.:

„Á þeim áratugum, sem liðin eru [þ.e. frá fullgildingu sáttmálans 1953, innsk. RHH], hefur efnisinnntak mannréttindaákvæðanna skýrst og jafnvel breyst fyrir túlkun mannréttindanefndarinnar og mannréttindadómstólsins þannig að nú eru í mörgum eignum gerðar strangari kröfur til aðildarríkjanna en séð varð í upphafi. Hefur mannréttindasáttmálinn því án efa haft meiri áhrif hér á landi, sem og annars staðar í Vestur-Evrópu, en sjá mátti fyrir.“

21. Dómsmálaráðherra hefur nú endurflutt á Alþingi frumvarp um Endurupptökudómstól, en það frumvarp varð ekki útrætt á síðasta þingi. Ég tel að brýna nauðsyn beri til að lögfesta það frumvarp til að bæta úr skorti á réttarúrræðum fyrir þá sem orðið hafa fyrir mannréttindabrotum við meðferð mála sinna fyrir íslenskum dómstólum. Það er ekki seinna vænna að fá það frumvarp lögfest í ljósi fregna af dómsmálum sem rekin eru fyrir MDE gegn íslenska ríkinu. Löggjafinn verður að taka hér af skarið.

22. Í ljósi fregna af skeleggri baráttu fulltrúa Íslands á vettvangi Mannréttindaráðs Sameinuðu þjóðanna, þar sem fylgt hefur verið eftir af mikilli einurð tillögum um harðorðar ályktanir um mannréttindabrot á Filippseyjum og Venezúela væri það heldur nóturlegt ef Alþingi Íslendinga sæi ekki sóma sinn í að sjá til þess að Ísland uppfylli skyldur sínar samkvæmt MSE um að tryggja mönnum virk úrræði til að ná rétti sínum að gengnum dómi MDE.

Ásar – þýðingar og túlkun slf

Eftirfarandi þýðendur og túlkar starfa innan vébanda

Ása – þýðinga og túlkunar slf:

Ellen Ingvadóttir, löggiltur dómtúlkur og skjalabýðandi

Bjarni Gunnarsson, löggiltur dómtúlkur og skjalabýðandi

Niels Rask Vendelbjerg, löggiltur dómtúlkur og skjalabýðandi

Jóhann Guðnason, löggiltur dómtúlkur og skjalabýðandi

Matthías M. Kristiansen, þýðandi


Gísli S. Ásgeirsson, þýðandi

Almennar og löggiltar þýðingar, dóm- og ráðstefnutúlkun, textaráðgjöf.

Aðili að rammamningi Ríkiskaupa (RK-14.10).

Ásar – þýðingar og túlkun slf » Skipholt 50b » sími: 562-6588 » netf: ellening@simnet.is

LÖGMENNSKAN Á TÍMUM KÓRÓNUNNAR



Síðastliðnar vikur hafa lögmansstofur, eins og raunar allt samfélagið, legið í Covid 19 dvala þar sem símar hljóðnuðu og fyrirspurnir og dagleg vandamál hurfu í skugga heilsukvíða vírusar sem breytt hefur heimsmyndinni tímabundið, að minnsta kosti.

Allt tekur enda og í byrjun maí færðist starfsemi dómstólanna í eðlilegt horf á ný þótt áfram sé lögð áhersla á að nýta tæknilausnir s.s. við fyrirtökur mála, og sendingu gagna, til að takmarka samneyti á milli manna. Lögmannaþingið tók púlsinn á lögmönnum, velti fyrir sér hvort þeir hefðu fundið fyrir breytingum á tímum kórónunnar, hvort þær verði varanlegar og hvað taki við.

Áskoranir


Lögmenn stóðu frammi fyrir sömu áskorunum og þorri þjóðarinnar í byrjun Covid; að fara heim með verkefni eða starfa áfram í hálfótum skrifstofum þar sem síminn þagði og engir tölvupóstar bárust. Þeir sem þjóna einstaklingum fundu helst fyrir samdrætti en lögmenn sem þjónusta fyrirtæki síður. Í samtali við lögmenn kom fram að þótt verkefnastaðan hefði minnkað þá hefðu margir nýtt tímann til að vinna upp verkefni sem hefðu verið í bið vegna anna.

Þeir lögmenn sem ekki voru búnir að tileinka sér fjarfundartækni og fjarvinnu gerðu það á einum degi og væntanlega mun Covid verða til þess að fjórða iðnbyltingin komi á meiri hraða í líf lögmanna en áður var talið. Á sama tíma og umferðarþunginn jókst á götum borgarinnar í byrjun maí fór svo allt á fullt hjá lögmönnum.

Hvað tekur við?

Norska lögmannafélagið áætlað að velta lögmansstofa þar í landi minnki um þrjá milljarða norskra króna á árinu vegna Covid kreppunnar, eða um 15% miðað við fyrri ár. Þá hefur 8% fulltrúa á lögmansstofum þegar verið sagt upp störfum og 14% hafa fengið tilkynningu um að þeim verði sagt upp. Ekkert slíkt virðist vera uppi á teningnum á Íslandi þar sem allir viðmælendur Lögmannaþingsins, sem eru starfandi lögmenn, höfðu ekkert heyrt af uppsögnum á íslenskum lögmansstofum. „Lögmenn eru ekkert að barma sér, flestir líta á þetta sem tímabundið ástand sem varir í mesta lagi fram á haust,“ sagði einn þeirra.

Misjafnt var hvað lögmenn sem eru með erlenda viðskiptavini sögðu um stöðu mála. Einn sagði mörg verkefni hafa farið á ís en fullsnemmt væri að segja að þau hefðu horfið. Hann bjóst við að sumarið yrði rólegt en þó væru erlendir fjárfestar að vakna til lífsins á ný og væntanlega yrði með haustinu allt komið í fullan gang. Annar lögmaður, sem sinnir sérhæfðum hópi erlendra viðskipavina sagðist ekki hafa fundið fyrir samdrætti.



Ennþá frost á fróni

Lögmenn voru sammála um að fjármálastofnanir tækju engar afdrifaríkar ákvarðanir nú en með haustinu kæmi sá tími hjá fyrirtækjum þar sem hagræðingarsamrunar, fjárhagsleg endurskipulagning og gjaldþrot ásamt stofnun nýrra fyrirtækja tæki við: „Lögmenn vinna í kringumstæðum þar sem er hreyfing og þótt að allt sé í frosti nú, og enginn að taka afdrifaríkar ákvarðanir, þá á ég ekki von á öðru en að það breytist með haustinu,“ sagði lögmaður í fyrirtækjageiranum. Annar lögmaður sagði sína stofu ekki vera að búa sig undir ragnarök: „Við erum ekki að búa okkur undir holskeflu mála og erum frekar bjartsýnir að þetta sé tímabundið ástand.“

Norskir lögmenn fjalla um Covid

Í 3. tbl. Advokatbladet kemur fram að réttarríkið standi frammi fyrir sinni stærstu áskorun frá heimstyrjöldinni síðari. Norska lögmannafélagið kom í byrjun Covid ástandsins í veg fyrir að sett yrðu neyðarlög í landinu sem hefðu veitt ríkisstjórninni of mikil völd á kostnað Stórþingsins. Þá gagnrýndu þarlendir lögmenn að dómstólar lögðu niður munnlegan málflutning í nokkrar vikur m.a. í ljósi þess að matvöruverslanir voru opnar.

Haldnar voru ráðstefnur á vefnum til að aðstoða sprotafyrirtæki og smáfyrirtæki sem misstu tekjur sínar á einni nóttu. Þá stofnuðu verjendur sérstakan Facebook hóp til að miðla upplýsingum um hvernig þeir gætu aðstoðað skjólstaðinga sína í fangelsum landsins sem fengu ekki notið mannréttinda vegna ástandsins. Nánari upplýsingar eru á www.advokatbladet.no



Mynd af forsiðu Advokatbladet

Stólum rúllað heim

„Við vorum rosalega vel undirbúin enda búin að tileinka okkur áður fjarfundi og pappírslausa skrifstofu, sem eykur gríðarlega framleiðni. Við þurftum ekki að gera annað en að flytja skrifstofustólana heim þaðan sem starfsmenn hafa unnið síðustu vikur.“

Lögmaður

Bjartsýnn til langs tíma

„Efnahagskerfið á Íslandi er lítið og því dýnamískt. Það teygir sig miklu hraðar upp og niður en stærri hagkerfi. Þetta verður erfitt tímabundið en ég er mjög bjartsýnn til langs tíma.“

Lögmaður

Engin handabönd lengur

„Hjá mér hefur engin breyting orðið í verkefnastöðu. Það sem hefur breyst er að ég hef lært á fjarfundi og nú tekur enginn í höndina á mér lengur.“

Lögmaður

Að horfa á stóru myndina

Örn Gunnarsson framkvæmdastjóri LEX segir mismunandi eftir sviðum lögfræðinnar hver hafi verið áhrif Covid ástandsins. „Það hefur fækkað í málf lutningi til dæmis en svo hafa spröttið upp önnur verkefni út af þeirri stöðu sem við erum í. Við vinnum lítið fyrir einstaklinga og höfum verið að aðstoða fyrirtæki í að ná samningum þar sem við reiknum með að þetta ástand sé tímabundið. Það eru ekki hagsmunir neinna að keyra fyrirtæki í þrot.“

Munum við sjá mikið af Covid málum með haustinu?

„Vonandi ekki. Klárlega verða erfiðleikar en við vonum að mönnum beri gæfa til að horfa á stóru myndina og sýni gagnkvæma tillitssemi.“

Að lokum, telur þú að Covid hafi breytt vinnustaðnum?

„Nei, við erum með skrifstofuna á 2000 m² og því er rúmt um okkur. Starfsmenn hafa haft töluvert frelsi til að vinna heima en vegna ástandsins hefur þar oft verið lítil vinnufriður.“

Léttir að vera kominn til baka

Þórólfur Jónsson framkvæmdastjóri LOGOS segir eðli máls samkvæmt rólegra yfir viðskiptalífínu en fyrir tíma Covid; „Á sumum sviðum hefur hægst á, t.d. í tengslum við viðskipti með eignir hvers konar. Vegna óvissu halda fjárfestar að sér höndum, þótt þeir fylgist vel með og muni án efa stíga meira fram þegar staðan hefur skýrst. Á móti hefur eðli verkefnanna breyst og ný bæst við. Við höfum til dæmis verið upptekin við að liðsinna viðskiptavinum sem hafa lent í kröppum dansi vegna tekjusamdráttar. Fyrirtæki og eigendur þeirra eru margir hverjir að takast á við krefjandi aðstæður og verja hagsmuni sína, sem þeir þurfa aðstoð við.“

Heldur þú að Covid hafi breytt vinnustaðnum með einhverjum hætti?

„Við vorum nýlega byrjuð að nota Microsoft Teams áður en veiran skall á með fullum þunga og það hefur auðveldað hópastarf og fjarvinnu. Fyrirtækjamenningin hjá okkur er mjög stillt inn á hópastarf og skoðanaskipti milli starfsfólks. Þótt fjarvinna hafi gengið snurðulaust fyrir sig þessar vikur þá er léttir að vera kominn til baka.“

Verður holskeflla af COVID málum líkt og hruns málin voru eftir efnahagshrunið árið 2008?

„Nei, sem betur fer held ég að það verði ekki. Þá varð ein allsherjar kollsteypa og þótt það verði eflaust umfangsverðir erfiðleikar hjá mörgum með haustinu þá verður það ekki á þeim skala sem varð þegar efnahagshrunið varð.“

EI



Örn Gunnarsson framkvæmdastjóri LEX




Þórólfur Jónsson framkvæmdastjóri LOGOS

Umhverfislausnir fyrir skrifstofur


Terra Efnaeyðing býður upp á örugga förgun og endurvinnslu spilliefna, endurvinnsluefna og trúnaðarskjala sem til falla á skrifstofum.

Við útvegum ílát og sækjum!




Rafhlöður og smáraftæki

Þarf að setja í poka eða öðru íláti ofan í tunnuna.



Lítill raftæki og málmar

Lítill raftæki og málma má setja í lausu í tunnuna.




Prenthylki

Þarf að setja í umbúðirnar undan nýju hylkjunum áður en þau eru sett í tunnuna.



Skjalaeyðing

Trúnaðarskjölum má safna í sérstök læst ílát. Þeim er síðan eytt samkvæmt vottuðum gæðastaðli. Tættur pappírinn fer að því loknu til endurvinnslu.



Stór raftæki

Við sækjum einnig stór raftæki sem ekki komast í tunnuna.



Raftækjatunnan



Skjalaeyðingartunna





Arnþjóttur Ástvaldsson lauk laganámi við Háskóla Íslands árið 2009 og hlaut réttindi sem héraðsdómslögmaður ári síðar. Arnþjóttur stundar doktorsnám í Evrópurétti við lagadeild Háskólans í Lundi. Fulltrúar Lögmannablaðsins heimsóttu Arnþjótt í desember síðastliðnum og eftir skoðunarferð um húsakynni lagadeildar háskólans og aðstöðu doktorsnema, settust þeir niður með Arnþjótti.

SPENNANDI AÐ TENGJA PRAKTÍK OG FRÆÐIMENNSKU

Valinn úr stórum hópi umsækjenda

„Ég réði mig sem lögfræðing hjá slitastjórn gamla Landsbankans strax að loknu námi árið 2009 og vann þar til ársins 2013. Þá leitaði hugurinn út fyrir landsteinana og ég sótti um LL.M nám í Evrópurétti við lagadeildina hér og stefndi á að vera í eitt ár. Þegar leið að lokum LL.M námsins þá benti yfirmaður námsins mér á möguleikann á því sækja um doktorsstöðu. Ég ákvað að sækja um, ekki síst vegna þess að fjölskyldunni okkar leið einkar vel í Lundi. Konan mín var í meistaranámi og fékk spennandi vinnu í kjölfarið og þá naut dóttir okkar sín einnig vel. Síðan hefur sonur okkar bæst í hópinn, fæddur hér í Lundi. Doktorsnámið er nokkuð eftirsótt – í mínu tilviki voru um 140 umsækjendur um tvær stöður – og umsóknarferlið ítarlegt. Ég gerði mér ekki miklar væntingar um að verða fyrir valinu, einkum vegna þess að mér fannst hugmynd mín um efni doktorsverkefnisins ekki sérstaklega vel mótuð á þessum tíma. Mér gekk hins vegar vel í viðtölum í umsóknarferlinu og úr varð að ég fékk stöðuna“.

Staða evrópskra félaga að landsrétti

Doktorsverkefni Arnljóts er á sviði evrópsks félagaréttar og lýtur að félagaforum sem Evrópusambandið hefur sett á laggirnar fyrir starfsemi evrópskra félaga - um stöðu slíkra félaga að landsrétti og samspil Evrópuréttar og landsréttar þegar kemur að réttarumhverfi þeirra. „Á síðustu áratugum

hefur Evrópusambandið kynnt til leiks nokkur mismunandi félagaform, sem eiga að gera aðilum frá ólíkum ríkjum kleift að stofna og starfa innan svokallaðra evrópskra félaga. Evrópska hlutafélagið og evrópska samvinnufélagið eru dæmi um slík félög, sem stundum hafa verið nefnd sem yfirþjóðleg, án þess að inntak þess hugtaks sé að fullu ljóst. Hér í Lundi er gríðarlega stór fjölþjóðleg samvinna rekin innan evrópsks félagafoms og segja má að rót rannsóknar minnar liggi þar. Þessi Evrópufélög vekja upp margar áleitnar spurningar, t.d. hvað varðar stofnun þeirra sem lögaðila að landsrétti og eins hvort félagaréttur, bæði evrópskur og eins í því landi sem viðkomandi lögaðili hefur höfuðstöðvar, veiti nægilega vernd fyrir þá sem eiga hagsmuna að gæta, t.d. félagsmenn og kröfuhafa.“

Kennsluskylda hluti af náminu

„Í grunninn er þetta sett upp sem fjögurra til fimm ára nám. Hins vegar er kennsluskylda hluti af náminu, að jafnaði um 40-50 kennslustundir á hverri önn en doktorsnemar hafa þann möguleika að skipta henni niður á árin. Ég byrjaði á að kenna Evrópurétt, aðallega um innri markaðinn og fjórfrelsið. Þar kenndi ég nemendum í LL.M námi og fór sú kennsla fram á ensku. Það atvikaðist síðan þannig að eftir fyrstu tvö árin í doktorsnáminu var ég beðinn um að taka að mér kennslu í grunnnáminu sem eðli málsins samkvæmt fer fram á sænsku. Þá vandaðist málið nokkuð.

Mér fannst ég svolítið berskjaldaður, að kenna sænskum nemendum á þeirra heimavelli og þurfti að undirbúa mig gríðarlega vel fyrir hvern kennslutíma. Sú kennsla gagnaðist mér hins vegar vel því fyrir utan að þarna var ég í raun neyddur til að ná betri tókum á tungumálinu þá var ég að kenna sænskan félagarétt og þekking á honum hefur komið að góðum notum í doktorsnáminu, þar sem hluti af verkefni mínu varðar að staðsetja og greina evrópskt félag sem hefur höfuðstöðvar í Svíþjóð. Mér hefur fundist kennslan skemmtilegt starf en hún er líka nauðsynleg til þess að brjóta upp vinnuna við verkefnið.“

Setur sjálfum sér skilafresti

Er ekki skríttin tilhugsun að taka sér fyrir hendur afmarkað verkefni sem hefur skiladag að fimm árum liðnum? Var þessi staða óþægileg í byrjun?

„Það er svolítill kúnt að skipuleggja sig. Rannsóknin sjálf er auðvitað aðalatriðið og það er dálítið einkennilegt að horfa á endapunkt sem er svona langt frá manni í tíma. Ég hef því leitast við að skipta verkefninu upp í afmarkaða þætti og setja sjálfum mér skilafresti í þeim efnunum. Að því leyti til hjálpar uppsetning námsins einnig, þar sem gerð er sú krafa að maður verji framgang rannsóknarinnar með ákveðnu millibili. Ég reyni að sinna rannsóknum og skrifum að mestu fyrir hádegi, þegar ég er ferskur í kollinum, en síðari hluti dagsins er meira nýttur í önnur verkefni, t.d. lestur heimilda og skipulag.“

Arnljótur vill þó ekki meina að hann hafi hugsað mikið út í það í byrjun hversu langt ferlið er.

„Þetta hentar kannski ekki öllum en ég get svo sem ekki lagt mat á þennan tíma fyrr en hann er að baki. Ég hef lagt upp með það að njóta ferðalagsins á hverjum tíma eins og kostur er, þrátt fyrir að það takist vissulega misvel. Auðvitað hafa komið tímar þar sem ég hef velt því fyrir mér hvað ég væri búinn að koma mér út í en mér hefur vaxið ásmegin eftir því sem liðið hefur á námið“.

Kennslan skemmtileg

Arnljótur stefnir að því að verja doktorsverkefnið sumarið 2021 en hefur hann gert upp við sig hvað hann tekur sér fyrir hendur að því loknu?

„Ég er í rauninni opinn fyrir því að starfa innan eða utan akademíunnar. Lengst af hef ég getað sinnt öðrum afmörkuðum verkefnum samhliða doktorsverkefninu og



síðari hluta ársins 2019 hef ég verið í leyfi frá verkefninu og unnið fyrir EFTA-dómstólinn í Lúxemborg. Mér hefur fundist það hjálpa til að skipta aðeins um umhverfi og verkefni, bæði fyrir doktorsnámið og kennsluna. En ég veit ekki alveg hvað tekur við þegar náminu lýkur. Eflaust sjá flestir doktorsnemar fyrir sér að starfa innan akademíunnar, við fræðiskrif og kennslu. Hér í Lundi er t.d. gerð sú krafa að yfirmenn hvers námskeiðs innan lagadeildar hafi doktorsgráðu. Sjálfum finnst mér spennandi að geta í framtíðinni tengt praktík og fræðimennsku, frá einum tíma til annars og tel í raun að þannig nýtist þekkingin best á þeim réttarsviðum sem ég hef sérhæft mig, sem er félagaréttur auk Evrópuréttar. Fyrst og fremst er ég mjög ánægður með að hafa stigið þetta skref og er viss um að þessi reynsla á eftir að nýtast mér vel í framtíðinni. Sérstaklega hefur mér fundist kennslan skemmtileg og ég hef mikinn áhuga á því að gera meira af því á næstu árum. Hvort að það verður samhliða lögmenntu eða öðrum verkefnum verður að koma í ljós“.

Ágúst Karl Karlsson og Daníel Isebarn Ágústsson.

NÝ MÁLFLUTNINGSRÉTTINDI FYRIR LANDSRÉTTI

Kolbrún Garðarsdóttir

Valva lögmennt, Túngötu 14, 101 Reykjavík, Sími: 527-1600

Ragnar Björgvinsson

Foss lögmennt slf., Langholtsvegi 111, 104 Reykjavík, Sími: 537-5111

NÝ MÁLFLUTNINGSRÉTTINDI FYRIR HÉRAÐSDÓMI

Kjartan Ragnars

Cicero lögmannsstofa ehf., Síðumúla 13, 108 Reykjavík, Sími: 519-5885

Sigríður Dagbjört Ásgeirsdóttir

Magna lögmennt, Höfðabakka 9, 110 Reykjavík, Sími: 571-5400

ENDURÚTGEFIN LÖGMANNSRÉTTINDI

Ósk Óskarsdóttir

Jurica ehf., Fossaleyni 16, 112 Reykjavík, Sími: 8697508

Ólafur Páll Vignisson

Lögfræðistofa Reykjavíkur, Borgartúni 25, 105 Reykjavík
Sími: 515-7400

NÝR VINNUSTAÐUR

Ari Karlsson

LMB Mandat, Bergþórugötu 55, 101 Reykjavík, Sími: 511-1190

Viktoría Hilmarsdóttir

Vátryggingafélag Íslands, Ármúla 3, 108 Reykjavík, Sími: 560-5000

Ragnhildur Rorí Ólafsdóttir

Tryggingamiðstöðin hf., Símuála 24, 108 Reykjavík, Sími: 540-1730

Sigurður Freyr Sigurðsson

OPUS lögmennt, Austurstræti 17, 101 Reykjavík, Sími: 415-2200

Oddgeir Einarsson

Land lögmennt ehf., Turninn, 12. hæð, Smáratorgi, 201 Kópavogi
Sími: 546-4040

Páll Bergþórsson

Þorgeir Þorgeirsson

ÞP lögmennt, Nóatúni 17, 105 Reykjavík, Sími: 4190040

Unnur B. Vilhjálmisdóttir

Valitor hf., Dalshrauni 3, 220 Hafnarfirði, Sími: 525-2000

Guðmundur St. Ragnarsson

Íslenska málflytningisstofan, Kirkjubraut 40, 300 Akranesi
Sími: 419-0800

Friðrik Árni Friðriksson Hirst

Hodos slf., Ljósfallagötu 22, 101 Reykjavík, Sími: 7873780

Dagmar Arnardóttir

Embætti borgarlögmanns, Ráðhús Reykjavíkur, Tjarnargata 11
101 Reykjavík, Sími: 411-4100

Ágúst Bragi Björnsson

KVIKA banki hf., Katrínartúni 2, 105 Reykjavík, Sími: 540-3200

Birkir Már Árnason

Cicero lögmannsstofa ehf., Síðumúla 13, 108 Reykjavík, Sími: 519-5885

Sigurður G. Guðjónsson

Sigurður G. Guðjónsson ehf., Laugavegi 182, 105 Reykjavík
Sími: 696-3246

NÝTT AÐSETUR

Heiðar Örn Stefánsson

Novum lögfræðisþjónusta, Suðurlandsbraut 22, 2. hæð, 108 Reykjavík
Sími: 863-7913

Jóhann Fannar Guðjónsson

Atli Björn Þorbjörnsson

Friðbjörn Garðarsson

AX lögmannsþjónusta slf., Hlíðasmára 6, 201 Kópavogi, Sími: 571-5044

Katrín Smári Ólafsdóttir

FOCUS lögmennt G. Jónsson & Partners, Mörkinni 3, 108 Reykjavík
Sími: 517-2500

Lúðvík Bergvinsson

Sigurvín Ólafsson

Kolbrún Arnardóttir

Bonafide lögmennt, Pósthússtræti 3, 101 Reykjavík, Sími: 533-5577

Elisabet Guðbjörnsdóttir

Consilia lögmannsþjónusta ehf., Hagatorgi 1, 3. hæð, 107 Reykjavík
Sími: 777-1494

Lúðvík Emil Kaaber

Lögfræðingur og löggiltur skjalaþýðandi í íslensku og ensku
Klukkulandi, 471 Þingeyri

Löng reynsla af þýðingum á réttarskjölum, samningum og greinargerðum fyrir lögmennt,
fyrirtæki og opinberar stofnanir. Lögfræðimenntun og reynsla af lögmennstörfum.

Símar 553 3389 og 861 8304. Netfang: lucius@simnet.is

EKKI ER ÞÖRF Á AÐ MÓTMÆLA NÝJUM MÁLSÁSTÆÐUM

Ein af meginreglum íslensks einkamálaréttarfars er svokölluð útilokunarregla. Í henni felst að málsástæður og mótmæli aðila verða að koma fram eins fljótt og kostur er eftir að tilefni gefst. Tilgangur reglunnar er að aðilar dragi ekki fram ný atriði og röksemdir inn í málið, allt fram á síðustu stundu. Segja má að útilokunarreglan sé hluti jafnræðisreglunnar, enda ótækt fyrir aðila að þurfa jafnvel sífellt að bregðast við nýjum og óvæntum málsvörnum. Komi málsástæða eða mótmæli fram eftir að tilefni varð til er þeim að jafnaði hafnað sem of seint fram komnum, sbr. 5. mgr. 101. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála. Útilokunarreglan gildir einnig fyrir Landsrétti og Hæstarétti, sbr. 2. mgr. 163. gr. og 2. mgr. 187. gr. laganna.

Nýjar málsástæður þarf að samþykka

Þess misskilnings gætir oft hjá lögmonnum að aðilar þurfi að mótmæla nýjum málsástæðum (jafnvel með sérstakri bókun), annars sé komið fram samþykki fyrir því að þær komist að í málinu. Sem dæmi má nefna mál sem stefnandi höfðar til greiðslu á skuld, en stefndi krefst sýknu á þeim grundvelli að skuldin hafi þegar verið greidd. Við aðalmeðferð hefur lögmaður stefnda síðan uppi þá málsástæðu að skuldin sé í öllu falli fyrnd. Ef lögmaður stefnanda mótmælir ekki þessari málsástæðu er oft á því byggt af hálfu lögmanns stefnda, annaðhvort í héraði eða fyrir æðri dómi, að hún komist þá að. Sambærileg sjónarmið hafa jafnvel komið fram hjá dómstólum og má þar nefna dóm Landsréttar 27. september 2019 í máli nr. 929/2018 þar sem sagði að áfrýjandi hefði haldið tiltekinni málsástæðu „skýrlega fram við aðalmeðferð og var henni eigi mótmælt sem of seint fram kominni.“ Var málsástæðan því talin mega komast að í málinu.

Þessi afstaða lögmannna, og í þessu tilviki Landsréttar, er ekki í samræmi við dómaframkvæmd Hæstaréttar. Af Hrd. 169/2017 og 145/2010 er ljóst að aðilar þurfa ekki að mótmæla sérstaklega nýjum málsástæðum. Um er að ræða atriði sem dómstólar gæta að að sjálfsdáðum (ex officio) og eiga því að hafna málsástæðum sem of seint fram komnum án tillits til þess hvort gagnaðili mótmælti henni af þeirri ástæðu. Eingöngu á að taka tillit til nýrra málsástæðna aðila ef gagnaðilinn samþykkir berum orðum að þær komist að



VÍÐIR SMÁRI PETERSEN LÖGMAÐUR

í málinu. Slíkt leiðir beinlínis af orðalagi 5. mgr. 101. gr. laga nr. 91/1991. Ekki er hægt að túlka þögnina eina sem samþykki fyrir því að málsástæðan komist að. Er þetta orðað á eftirfarandi hátt í Hrd. 145/2010, en rökstuðningurinn í Hrd. 169/2017 er næsta samhljóða:

„Þótt þessar málsástæður kunni að einhverju leyti að hafa verið hafðar uppi við munnlegan flutning málsins í héraði, svo sem áfrýjendur hafa haldið fram fyrir Hæstarétti, hefði það verið um seinan án tillits til þess hvort stefndi hefði mótmælt þeim af þeirri ástæðu, sbr. e. lið 1. mgr. 80. gr. og 5. mgr. 101. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála.“

Taka ber fram að fyrri dómurinn, Hrd. 145/2010, var dæmdur af fimm dómurum Hæstaréttar og fordæmisgildið því hafið yfir vafa.

Línuverðir dómara

Hvað sem þessu líður er þó að sjálfsögðu brýnt að lögmennt sýni árvekni og mótmæli nýjum málsástæðum þegar það á við, þ.e. þeir verða að vera nokkurs konar línuverðir við hlið dómarans í þessu hlutverki til þess að koma í veg fyrir að nýjar málsástæður komist alveg örugglega ekki að í málinu. Loks verður að halda til haga að röksemd Landsréttar fyrir því að hin nýja málsástæða hafi mátt komast að í málinu var einnig á því byggt að aðeins væri um að ræða heimfærslu dómsins til lagareglna. Þau rök Landsréttar að um hafi verið að ræða lagarök en ekki málsástæðu virðast hafa verið réttmæt. Málið var endanlega leitt til lykta með Hrd. 51/2019, en þar var niðurstaðan reist á sambærilegum lagarökum og í Landsrétti (þ.e. á ákvæðum tilskipunar frá 1798), án þess að séð verði að byggt hafi verið á þeim í héraði. Þessi niðurstaða er í samræmi við þá reglu að það eru dómara en ekki aðilar sem hafa forræði á túlkun lagareglna.

SKATTA- UNDANSKOT SKEKUR DANMÖRKU

GUÐRÚN OLSEN LÖGMAÐUR SKRIFAR



Umfjöllun um hið svokallaða „stóra skattsvikamál“ í Danmörku með áherslu á mögulega skaðabótaábyrgð einnar stærstu lögmannsstofu landsins

Skattsvikamálið í sinni einföldustu mynd

Á árunum 2012 til 2015 nýttu mörg hundruð fyrirtæki í Danmörku sér ákveðna smugu í dönskum skattalögum sem gjarnan er nefnt „stóra skattsvikamálið“.

Áður en lengra er haldið er rétt að geta þess að í Danmörku gilda sambærilegar reglur og á Íslandi þar sem félögum ber að halda eftir staðgreiðslu fjármagnstekjuskatts við útgreiðslu á arði og skila til danska ríkisins áður en greiðslur eru inntar af hendi til viðkomandi hluthafa. Þá getur hluthafi krafist endurgreiðslu á þeim fjármagnstekjuskatti sem hefur verið greiddur af arði ef að sá hluthafi sem móttók arðgreiðsluna er með heimilisfesti erlendis, og milli þess ríkis og Danmerkur er í gildi tvísköttunarsamningur.

Skattsvikin voru því framkvæmd þannig að banki og verðbréfamiðlari, fyrir hönd seljanda og kaupanda, áttu viðskipti með hlutabréf í skráðum dönskum félögum stuttu áður en viðkomandi félag greiddi út arð, sem gerði báðum aðilum kleift að krefjast endurgreiðslu fjármagnstekjuskatts

sem þó hafði eingöngu verði greiddur einu sinni. Í öllum tilvikum var um að ræða aðila sem ekki voru með skattalegt heimilisfesti í Danmörku og áttu þ.a.l. rétt á að fá endurgreiddan fjármagnstekjuskatt.

Viðskipti með hlutabréf voru gerð með („cum“) og án („ex“) arðgreiðslurétti á þann hátt að upplýsingar um raunverulegan eiganda hlutabréfanna voru ekki aðgengilegar. Aðilar sömdu um að seljandi skyldi framselja hlutabréfsín rétt áður en arður var greiddur út og kaupandinn myndi svo framselja sömu hlutabréf til baka til upphaflegs eiganda rétt eftir að arðurinn hafði verið greiddur út. Salan var í raun „lán“ til kaupanda sem fékk arðgreiðslurnar og gat því krafist endurgreiðslu á fjármagnstekjuskatti, en raunverulegur eigandi hlutabréfanna gat einnig krafist endurgreiðslu af arðgreiðslunum þar sem ekki lá fyrir að sá aðili hefði ekki fengið arðgreiðslur. (Oft er vísað er til framangreindar aðferðar sem „Cum-Ex Trading Scheme“).

Afleiðingin var sú að dönsk skattayfirvöld greiddu upphæð sem nemur u.þ.b. 12,7 milljörðum danskra króna til aðila sem áttu ekki lögmeðt tilkall til endurgreiðslunnar, en það eru u.þ.b. 265 milljarðar íslenskra króna.

Ráðgjöf Bech-Bruun í tengslum við skattsvik North Channel Bank

Þann 4. ágúst 2014 veitti Bech-Bruun, sem er ein stærsta lögmannsstofa Danmerkur, North Channel Bank lögfræðilegt álit varðandi mögulega skaða- og refsíabýrgð bankans



sem vörsluaðili í sambærilegum viðskiptum og lýst er að ofan.¹ Bech-Bruun áleit að bankinn yrði ekki dæmdur skaðabótaskyldur ef til þess kæmi að danska ríkið yrði fyrir tapi vegna viðskipta þeirra aðila sem bankinn þjónustaði.² Álit Bech-Bruun var byggt á þeirri forsendu að framsal hlutabréfanna fæli í sér raunveruleg eignaskipti á milli aðila, að bankinn myndi eingöngu gefa út eignarhaldsskjal til skjólstæðinga sinna, og að bankinn hefði enga ástæðu til að áætla – eða hefði vitneskju um – að annar aðili en símir skjólstæðingar myndu krefjast endurgreiðslu fjármagnstekjuskatts.

Rúmlega ári eftir að álitnið var veitt hófu bæði þýsk og

dönsk stjórnvöld rannsókn á mögulegum skattsvikum North Channel Bank vegna þessara viðskiptahátta. Í september 2019 viðurkenndi bankinn brot sitt og greiddi sekt upp á 110 milljónir danskra króna, sem nemur u.þ.b. 2,3 milljörðum íslenskra króna, til danskra skattayfirvalda vegna þátttöku í skattsvikumum.

Dönsk skattayfirvöld telja að Bech-Bruun hafi með ráðgjöf sinni gerst meðsek í skattsvikum skjólstæðings síns sem hafi haft þær afleiðingar að ríkið varð fyrir fjárhagstjóni. Þau hafa krafist lögmansstofuna um 1,2 milljarða danskra króna í skaðabætur fyrir ráðgjöfina til North Channel Bank, eða um 25 milljarða íslenskra króna. Bech-Bruun hefur neitað allri sök og hafnað kröfum skattayfirvalda.

Nú hafa stjórnvöld ákveðið að stefna Bech-Bruun fyrir dóm en þetta er í fyrsta skiptið sem danska ríkið hefur krafist danska lögmansstofu um skaðabætur af þessari stærðargráðu fyrir veitta ráðgjöf.

Skoðun lögmanna á málinu og mögulegar afleiðingar

Margir lögmenn sem greinarhöfundur hefur talað við um málið, eða hafa tjáð sig opinberlega, hafa einhverja samúð með lögmansstofunni og finnst krafa ríkisins ekki með öllu réttlætunleg. Rökin sem hafa verið sett fram eru m.a. þau að álitnið hafi verið veitt á þeim forsendum að skjólstæðingur Bech-Bruun, North Channel Bank, muni ekki taka þátt í viðskiptunum sjálfum. Þó liggur fyrir grunur um að hlutverk bankans hafi verið að útbúa fölsk eignarskjöl og að hann hafi ávallt haft vitneskju um hvert raunverulegt markmið viðskiptanna hafi verið. Þá er talið að lögmönnum Bech-Bruun hafi verið ljóst hvert markmið viðskiptanna hafi verið frá því að þeir móttöku fyrsta tölvupóstinn frá lögmönnum bankans, þar sem eftirfarandi kom fram:³

¹ Lögfræðilegt álit Bech-Bruun frá 4. ágúst 2014 er að finna í heild sinni hér: <https://www.dr.dk/nyheder/htm/baggrund/generel/Legal.pdf>.

² Sjá bls. 5 í lögfræðilegu álitni Bech-Bruun frá 4. ágúst 2014.

³ Mynd tekin af heimasíðu [dr.dk](https://www.dr.dk). Slóð: <https://www.dr.dk/nyheder/penge/hemmelige-mails-afslorer-bech-bruun-fik-indblik-i-model-milliardsvindel-gav-alligevel>



Lögfræðistofa Reykjavíkur

We understand that the parties to the transaction will realize a tax benefit in Denmark which probably consists in a double refund of dividend withholding tax (but we have not seen a structure paper). Maybe you are aware of these structures?

Þá hefur málið fengið gagnrýni út frá samkeppnisréttarlegum sjónarmiðum og vegna mögulegra hagsmunaárekstra. Lögmannsstofan Kammeradvokaten, sem er og hefur verið lögmaður ríkisins til margra ára, hefur ráðlagt skattayfirvöldum að stefna Bech-Bruun vitandi að Kammeradvokaten muni flytja málið fyrir hönd ríkisins. Með málsókninni hafi því Kammeradvokaten möguleika á að fjarlægja einn helsta keppinaut sinn af markaði en miðað við hagnað síðasta árs myndi það taka Bech-Bruun heil 60 ár að safna nógu miklu fjármagni til að greiða skaðabæturnar. Gagnrýni lögmannna hefur verið sú að sami aðili og flytur mál fyrir hönd ríkisins í þessu sérstaka tilviki eigi ekki einnig að ákveða hvort mál verði höfðað, sem og að verkefnið eigi að fara í útboð. Samkeppniseftirlitið hefur sett á fót nefnd sem á að rannsaka lögmannsstéttina í heild sinni, þar á meðal hvort það sé í samræmi við lög að Kammeradvokaten flytji fyrir dómi að meginstefnu öll mál ríkisins.

Brot Bech-Bruun á siðareglum lögmannna í tengslum við stóra skattsvikamálið

Í lok ársins 2015 fengu dönsk skattayfirvöld vitneskju um stóra skattsvikamálið og í kjölfar útboðs skattayfirvalda í ársbyrjun 2017 var Bech-Bruun falið að rannsaka skattsvikin. Rúmu ári síðar kærðu skattayfirvöld Bech-Bruun til úrskurðarnefndar lögmannna fyrir að hafa brotið siðareglur lögmannna með rannsókn skattsvikanna þar sem Bech-Bruun hafi gefið North Channel Bank ráð áður og á meðan rannsókn málsins stóð yfir. Úrskurðarnefnd lögmannna ákvað sumarið 2018 að Bech-Bruun þyrfti að endurgreiða þá þóknun sem lögmannsstofan hefði fengið greidda frá skattayfirvöldum að upphæð 3,5 milljónir danskra króna eða u.þ.b. 71 milljónir íslenskra króna. Þar að auki var fjórum lögmonnum Bech-Bruun, sem unnu við rannsóknina, gert að greiða fjársekt. Var það mat úrskurðarnefndarinnar að augljós hagsmunaárekstur hafi verið til staðar enda geti aðilarnir ekki rannsakað meint skattabrot og á sama tíma veitt öðrum ráðgjöf varðandi sömu viðskipti. Bech-Bruun hefur kært báðar ákvarðanir úrskurðarnefndar til Austur Landsréttar (d. Østre Landsret), en það er ekki búið að dæma í málunum.



FORVINNSLA **PRENTUN** **FRÁGANGUR**

Litla & prent



INNHEIMTUKERFI CREDITINFO

SAMBÆTTING, SKILVIRKNI OG BETRI YFIRSÝN

Sveigjanlegt og öflugt innheimtakerfi

Nútímalegt og skilvirkt innheimtakerfi fyrir lögmenn sem leysir IL+ af hólmi. Kerfið er auðvelt í notkun og aðgengilegt á vefnum þannig að öll þróun og breytingar skila sér beint til notanda.

HELSTU EIGINLEIKAR:

- Heldur utan um löginneimtu á skilvirkan hátt
- Hægt er að flytja gögn úr eldra innheimtakerfi, IL+
- Býður upp á sambættingu við aðra þjónustu Creditinfo, s.s. vanskilaskrá, eignaleit og hlutafélagaskrá

Kynntu þér innheimtakerfi Creditinfo á [creditinfo.is](https://www.creditinfo.is) og hafðu samband við ráðgjafa á vidskiptastyring@creditinfo.is til að fá nánari upplýsingar.

